

1. Undirbúningur

- Hreinsið út úr öllum hlutum fjárhúsa, haughúss, hlöðu og umhverfi þeirra, skít, fódurrestar, timburinnréttingar, mottur, drykkjarílát og allt annað sem ekki er hægt að þrifa og sótthreinsa. Jafnframt lausa hluti svo sem markatengur og önnur verkfæri sem notuð hafa verið í fjárhúsunum.
- Setjið úrganginn í lekaheldan flutningsgám.

2. Forhreinsun

- Aftengið rafmagnstæki, s.s. viftur.
- Leggið alla lausa hluti í bleyti í sápulög sem vinnur vel á fitu og öðrum óhreinindum og inniheldur klór.
- Sópið ryk af innréttingum, gluggakistum, burðarbitum í lofti, viftu, ljósum, leiðslum o.s.frv. (ofan frá og niður).
- Ef húsið er mjög skítugt þarf að bleyta upp skítinn og skola burt áður en sápað er.

3. Sápun

- Notið sápu sem vinnur vel á fitu og öðrum óhreinindum og inniheldur klór (natríumhýpóklóríð, NaOCl). Blandið sápulögin í réttum hlutföllum miðað við leiðbeiningar.
- Úðið blöndunni á alla fleti. Notið helst lágan þrýsting (25 bör) og kvoðustút. Ef ekki eru kvoðutæki til staðar, notið þá bursta eða skrúbb til að sápa fletina.
- Byrjið að kvoða loft, veggj og innréttingar, endið á gólfi. Þekið vel alla fleti, króka og kima. Athugið að kvoða ekki of stóra fleti í einu.
- Látið kvoðuna liggja á fletinum í a.m.k. 20 mínútur en gætið þess að hún þorni ekki áður en þvegið er.

4. Þvottur

- Notið mikið vatn og breiða vatnsbunu.
- Byrjið á lofti, veggjum og innréttingum, endið á gólfi.
- Notið bursta og sköfu á erfið óhreinindi og á þá staði sem erfitt er að komast að.
- Gætið þess að óhreinindi berist ekki frá óhreinum flötum yfir á hreina.
- Skoðið hvernig til hefur tekist með þrifin og þrífið betur ef sjáanleg óhreinindi eru til staðar.

5. Skolun

- Skolið með hreinu vatni með lág- eða háþrýstingi.

6. Þurrkun

- Skafið eða sópið vatnspolla af gólfum og látið húsið þorna.

7. Sóttþreinsun

- Blandið sóttþreinsilög sem inniheldur klór (natríumhýpóklóríð, NaOCl) þannig að styrkur klórsins sé 2% (20.000 ppm). Notið kalt vatn.
- Úðið blöndunni á alla fleti með lágum þrýstingi (25 bör), endið á gólfi.
- Vinnið skipulega til að tryggja að sóttþreinsiefnið berist á alla fleti.
- Ekki skola sóttþreinsiefnið af.
- Lokið húsinu.

8. Þrif og sóttþreinsun á búnaði

- Þvoið og sóttþreinsið allan búnað sem notaður hefur verið við þrifin á sama hátt, þar með talin stígvél, þ.e.a.s. grófhreinsið, sápið, þvoið, skolið, þurrkið og sóttþreinsið.
- Þvoið hlífðarfatnað í þvottavél á minnst 60°C hita.

9. Þurrkun

- Gangið frá öllum búnaði þannig að hann þorni sem fyrst.
- Æskilegt er að þurrka húsið með upphitun og loftræstingu.